

19. Hólmsárvirkjun án miðlunar¹

Hólmsárvirkjun nýtir fall í Hólmsá frá Einhyrningshömrum austan við Einhyrning og niður fyrir Bjarnarfoss í Tungufljóti. Virkjunartilhögunin er í stuttu máli sú að Hólmsá er stífluð efst í gljúfrinu við Einhyrningshamra austan við Einhyrning og þar búið til lítið inntakslón með flatarmál 0,2 km². Stíflan er um 340 m löng og mesta hæð hennar um 35 m. Gert er ráð fyrir að veita efsta hluta Bláfjallakvíslar yfir í Álftakvísl. Jafnframt verður vestari kvísl Álftakvíslar veitt í eystri kvíslina með lítilli stíflu. Úr inntakslóninu er vatni veitt um göng að stöðvarhúsi neðanjarðar. Frá virkjun eru frárennslisgöng út í Tungufljót í um 59 m y.s. um 1 km neðan við bæinn Gröf. Vatnsvegir og mannvirki er tengjast virkjuninni yrðu þannig að mestu neðanjarðar. Uppsett afl er ráðgert 72 MW miðað við 30 m³/s virkjað rennsli og 275 m raunfallhæð. Orkugeta virkjunarinnar er áætluð um 450 GWh/ári. Umhverfisáhrif virkjunar eru þau helst að meðalrennsli í Hólmsá minnkar um 28 m³/s og rennsli í Tungufljóti eykst samsvarandi. Þessi tilhögun er í öllum meginatriðum sú sama og tekin var fyrir í 1. áfanga.

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	Hólmsárvirkjun til Tungufljóts
Rennsli til virkjunar (m ³ /s)	30
Vatnasvið (km ²)	196
Yfirfallshæð í virkjun (m y.s.)	359
Flatarmál lóna (km ²)	0,2
Miðlun (Gl)	1
Lengd ganga (km)	10,2
Lengd stíflna (m)	500
Mesta hæð stíflu (m)	35
Lengd skurða (m)	0
Afl (MW)	72
Orkugeta (GWh/ári)	450
Hagkvæmniflokkur	3

¹ Almenna Verkfræðistofan og Landsvirkjun Power, 2009. *Hólmsárvirkjun í Skaftártungu án miðlunar í Hólmsárlóni. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/045, Rarik 09003, Apríl 2009.



Hólmsárvirkjun í Skaftártungu – Frumhönnun. Útfærsla Almennu verkfræðistofunnar (2004).

